

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLVIII. árgangur.

1967

Fimmtudaginn 5. janúar 1967.

Nr. 257/1966. Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson
 gegn
Vinnslustöðinni h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómstólar. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða dóm kvað upp Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. nóvember 1966. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 28. desember 1966. Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði frávisunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveðja til meðdómendur og kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 6.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og

Sveinn Ársælsson, greiði varnaraðilja, Vinnslustöðinni h/f, kr. 6.000.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 15. nóvember 1966.

Mál þetta er höfðað af Ársæli Sveinssyni, Lárusi Ársælssyni og Sveini Ársælssyni, útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun fyrir sáttanefnd, með stefnu, útgefinni 13. júní 1966, birtri 15. s. m., á hendur Sighvati Bjarnasyni framkvæmdastjóra, Kirkjuvegi 49, Vestmannaeyjum, f. h. Vinnslustöðvarinnar h/f í Vestmannaeyjum.

Gera stefnendur þær réttarkröfur, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefnda, Vinnslustöðinni h/f, sé skylt að leysa til sín hluta stefnenda í félaginu og að greiða andvirði hlutanna eftir matsákvæðum 6. gr. samþykktu hins stefnda félags. Þá krefjast stefnendur einnig ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur:

Aðallega, að málinu verði vísað frá bæjarþingi Vestmannaeyja og stefnda verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnenda. Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnenda.

Frávísunarkrafa stefnda er á því byggð, að stefna eigi máli þessu fyrir sjó- og verzlunardóm skv. 200. gr., 2. tl., laga nr. 85/1936.

Stefnendur andmæltu frávísunarkröfunni, og kvaðst umboðsmaður þeirra hafa stefnt málinu fyrir bæjarþing að vandlega athuguðu máli, vegna þess að með því móti fengi héraðsdómari frjálsari hendur um val meðdómenda, en væri ekki bundinn við hina skipuðu sjó- og verzlunardómsmenn. Hins vegar lýsti hann því yfir, að hann væri því samþykkur, að málið yrði rekið fyrir sjó- og verzlunardómi, ef dómara virtist réttara að flytja málið þangað. Gerði hann þær réttarkröfur, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og stefnendum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður í þessum þætti málsins úr hendi stefnda.

Málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna hinn 8. þ. m., og var atriðið lagt undir dóm eða úrskurð þann dag.

Samkv. 2. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936 fer sjó- og verzlunardómur með og dæmir mál „út af efnunum þeim, er í lögum um

hlutafélög eða samvinnufélög greinir.“ Mál þetta átti þar af leiðandi þegar að leggjast fyrir sjó- og verzlunardóm. Málið var samt sem áður lagt fyrir bæjarþing, og hvergi er að því vikið í sátta-kæru, stefnu né í fyrstu greinargerð stefnenda, að æskilegra væri, að meðdómsmenn tækju sæti í dóminum. Þykir því bera að vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnendur greiði stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá réttinum.

Stefnendur, Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson, greiði in solidum stefnda, Vinnslustöðinni h/f, kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. janúar 1967.

Nr. 251/1966. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara gegn Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómhæfi kröfu. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða dóm hafa uppkveðið: Hákon Guðmundsson, Bjarni K. Bjarnason, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Með kæru 29. október 1966, sem Hæstarétti barst 21. desember 1966, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 frávisunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 25. október 1966, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávisunardómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir